ARCTIC CIRCLE

**Chairman**
Ólafur Ragnar Grímsson

**Honorary Board**
HSH Prince Albert II
Philippe Couillard, Premier of Québec
Senator Lisa Murkowski
Dr. Sultan Ahmed Al Jaber
Artur Chilingarov
Kuupik Kleist

**Advisory Board**
Gudmundur Alfredsson
Terry Audla
Christian Bjelland IV
Scott Borgerson
Alexander Borodin
Jared Carney
Patricia A.L. Cochran
Milind Deora
Dalee Dorough
Dana Eidsness
J. Cynan Ellis-Evans
James Gray
Heidar Gudjonsson
Thorsteinn Gunnarsson
Lassi Heininen
David Hik
Paul Holthus
Jacek Jania
Timo Koivurova
Lars Kullerud
Karin Lochte
Scott Minerd
Anders Oskal
Willy Østreng
Frederik Paulsen
Joseph Ralston
Carter Roberts
Alice Rogoff
Robert Sauvé
Hugh Short
Laurence C. Smith
Catherine Stevens
Eric Théroux
Felix Tschudi
Amy L. Wiita
Jan-Gunnar Winther
Huigen Yang
Anatoly Zolotukhin

5. október 2017

Sævar Freyr Þráinsson
bæjarstjóri Akraneskaupstaðar

Með þessu bréfi viljum við bjóða þér, ásamt kjörnum fulltrúum Akraneskaupstaðar að sækja alþjóðaþing Hringborðs Norðurslóða - Arctic Circle sem verður haldið í fimmta sinn í Hörpu, Reykjavík, dagana 13 - 15. október og taka þátt í umræðum í hinum fjölmörgu málstofum þingsins um málefni Norðurslóða. Eins og dagskrá þingsins ber með sér verður fjallað um málefni er snerta framtíð og viðfangsefni íslenskra stjórnvalda á margvíslegan hátt.

Hringborð Norðurslóða er einstakur alþjóðlegur vettvangur þar sem saman koma pólitískir leiðtogar, stjórnendur fyrirtækja, sérfræðingar í umhverfismálum, fulltrúar frumbyggja, frumkvöðlar, vísindamenn og fleiri aðilar víðsvegar að úr heiminum.

Um 2.000 þátttakendur, frá rúmlega 50 löndum, sóttu þing Hringborðs Norðurslóða, sem haldið var í fyrra. Síðan þá hefur áhugi á alþjóðlegu samstarfi hringborðsins aukist jafnt og þétt. Fjöldi ríkisstjórna, fyrirtækja, háskóla, samtaka, félaga og hugveitna undirbúa þátttöku á komandi þingi.

Skrifstofa Hringborðs Norðurslóða undirbýr aðalmálstofur þingsins en stofnunum og samstarfsaðilum er frjálst að skipuleggja hliðarmálstofur undir sínu nafni.

Á heimasíðu Hringborðs Norðurslóða, www.arcticcircle.org má sjá drög að dagskrá þingsins í október. Á heimasíðunni má einnig finna myndir og myndbönd frá fyrri þingum, upplýsingar um markmið, uppbyggingu og starfsemi Hringborðs Norðurslóða en megintilgangur þess er að skapa opinn og lýðræðislegan vettvang fyrir umræður og samstarf um málefni Norðurslóða.

Hafir þú hug á að þiggja þetta boð óskum við eftir því að þú og aðrir kjörnir fulltrúar staðfesti komu ykkar með því að skrá ykkur sem „Parliamentarians“ á meðfylgjandi slóð: https://goo.gl/71YiHD

Virðingarfyllst,

Dagfinnur Sveinbjörnsson

Dagfinnur Sveinbjörnsson
CEO

Menntavegur 1, 101 Reykjavík, Iceland – Secretariat@ArcticCircle.org